

Aðalfundur FÁSES 2022

Fimmtudaginn 15. september 2022 - Ölver

Mætt: Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, Ísak Pálmason, Heiður Dögg Sigmarsdóttir, Þórunna Hrönn Þórsdóttir, Kristín H. Kristjánsdóttir, Laufey Helga Guðmundsdóttir, Halla Ingvarsdóttir, Eyrún Ellý Valsdóttir, Flosi Jón Ófeigsson, Eva Dögg Benediktsdóttir, Anna Sigríður Hafliðadóttir, Kristján Jóhannes Pétursson, Gísli Ólason Kærnested, Málfríður Harðardóttir, Sólrún Ásta Steinsdóttir, Erna Hlín Guðjónsdóttir, Guðný Matthíasdóttir, Róbert Hallbergsson, Garðar Þór Jónsson, Ásgeir Helgi Magnússon, Katla Ásgeirsdóttir, Hildur Helga Sævarsdóttir, Bryndís Bjarnþórsdóttir, María Hlín Steingrímsdóttir, Eva Jakobsdóttir, Sunna Mímisdóttir, Sigríður Gróa Þórarinsdóttir, Guðrún Jónsdóttir, Ragna Gestsdóttir og Guðmundur Már Ingimarsson (30 félagar).

11. aðalfundur FÁSES var settur kl. 19:03.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.

Formaður FÁSES, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, bauð fólk velkomið á fundinn. Hildur lagði til að hún sjálf annaðist fundarstjórn og var það samþykkt. Hildur lagði til að Laufey Helga Guðmundsdóttir yrði kosin fundarritari og var það samþykkt.

2. Skýrsla stjórnar 2021-2022 kynnt og tekin til umræðu.

Formaður FÁSES, Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, kynnti skýrslu stjórnar og helstu viðburði félagsins á liðnu ári.

Félagið heldur áfram að vaxa og dafna og greiddu 348 félagsgjöld. Það er 20% aukning frá árinu á undan. Yfir 800 félagar hafa skráð sig í FÁSES á þessum ellefu árum en ekki eru allir virkir félagar. Ellefta starfsárið gekk vonum frammar og í febrúar var öllum COVID takmörkunum aflétt og hægt að hittast á viðburðum FÁSES.

Tíundi aðalfundur FÁSES var haldinn á Kex hostel haustið 2021. Fundurinn var með hefðbundnu sniði en þó var óvenjulegt að enginn bauð sig fram í embætti formanns. Heimild stjórnar til að endurraða embættum var því nýtt á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund. Eftir aðalfund voru ekki haldnir aðrir viðburðir fyrr en eftir áramót.

Söngvakeppnin var haldinn 2022 eftir árs hlé. Í febrúar var netviðburður þar sem horft var saman á kynningarþátt RÚV um Söngvakeppnina og spilað Eurovision Kahoot. Í aðdraganda Söngvakeppninnar var haldin gleðistund á Kex hostel. Heljarinnar húllumhæ var í kringum úrslit Söngvakeppninnar þegar ljóst var að hægt yrði að halda viðburði. Júrókrús, þar sem siglt var frá gömlu höfninni í Reykjavík í Gufunes, var haldið í fyrsta sinn sem fyrirpartý fyrir úrslit Söngvakeppninnar. Margrét Erla Maack var DJ í fyrirpartýinu, veðrið var með okkur í liði og tókulið 60 Minutes tók upp landgöngu FÁSES félaga. Eftir úrslit keppninnar var Júróklúbburinn haldinn á Bryggjunni og fjöldi keppenda tróð upp ásamt Tusse. DJ Early, Erla Jónatansdóttir, hélt uppi stuði í eftirpartýinu. Júrókrús og Júróklúbburinn var haldinn í samstarfi við Pink Iceland og var mikil ánægja með það samstarf.

Forsala á aðdáendamiðum fyrir Tórinó var með hefðbundnum hætti en nokkrir félagar hættu við kaup vegna hás miðaverðs. Ítalskt Eurovision kvöld með Charles Gittins var haldið í aðdraganda Eurovision. Síðan var hist á Kex á hitt&heilsað með Systum og haldnar voru mini-júróstíklur með júrófrænkunum Kristínu H. Kristjánsdóttur og Steinunni Björk Bragadóttur. Í Eurovisionvikunni skipulögðu Guðný Matthíasdóttir og Róbert Hallbergsson, FÁSES félagar, með aðstoð Kristjáns J. Péturssonar, viðburði á Kex hostel þar sem horft var saman á Eurovision.

Ákveðið var að gefa ekki út Fréttabréf FÁSES 2022 heldur lagði stjórn áherslu á viðburði og góða umfjöllun á FÁSES.is. Líf og fjör var á vefnum og pistlar skrifaðir um þemu ársins, hitað var undir tungumálasúpunni, Júró-Gróa var á sínum stað o.fl.

Stjórn FÁSES þakkaði fyrir öflugt starfsár og þakkaði Hildur sérstaklega ritstjórn FÁSES.is fyrir gott starf.

Opnað var fyrir spurningar og umræður. Fundarmenn þökkðu sérstaklega fyrir frábært Júrókrús og skemmtilegan Júróklúbb á Bryggjunni.

3. Reikningar félagsins kynntir, teknir til umræðu og kosninga.

Fundarstjóri bauð Ísaki Pálmasyni, gjaldkera FÁSES, að koma í pontu og kynna ársreikning félagsins.

Alls greiddu 348 félagar félagsgjöld síðasta árs og virkir félagar voru 365. Heildartekjur ársins voru 991 þús. og gjöldin 1.100 þús. Félagið var rekið með neikvæðri afkomu upp á 100 þús.

Stjórn FÁSES samþykkti reikninginn fyrir sitt leyti og að hann yrði sendur skoðunarfulltrúum til yfirferðar. Skoðunarfulltrúar FÁSES, Anna Sigríður Hafliðadóttir og Eva Dögg Benediktsdóttir, hafa tekið reikninginn til skoðunar og samþykkt með minniháttar tillögum að orðalagsbreytingum.

Stærstu fjárhagsliðirnir eru viðburðir sem voru 966 þús. og þar af kostaði Júrókrúsið 873 þús. að teknu tilliti til miðasölu. Félagsgjöld og Cardskipper gjöld til OGAE International voru 61 þús. Höfuðstóll félagsins frá fyrra ári er 300 þús.

Staða félagsins er í heild sinni góð að sögn gjaldkera en eigið fé er heldur meira en stjórn myndi vilja hafa.

Að yfirferð lokinni opnaði fundarstjóri fyrir umræður um ársreikninginn. Sunna Mímisdóttir spurði hvort félagið hefði gert upp skuld við gjaldkera. Ísak sagði að skuldin hafi verið greidd. Þóranna Hrönn Þórsdóttir spurði hvort félagið væri skuldlaust og var því svarað játandi. Sólrún Ásta Steinsdóttir spurði af hverju reikningurinn við Pink Iceland var greiddur svo seint og svaraði gjaldkeri því til að það hefði þurft að ýta á eftir því að fá reikninginn sendan. Eyrún Ellý Valsdóttir spurði um hlutfall erlendra félaga í FÁSES en þær upplýsingar hafði gjaldkeri ekki á takteinunum.

Ársreikningurinn var lagður fyrir fundinn til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða með öllum greiddum atkvæðum.

4. Breytingar á samþykktum félagsins.

Fundarstjóri greindi frá því að samkvæmt 12. gr. samþykktar FÁSES skyldu allar tillögur að breytingum hafa borist stjórn eigi síðar en 10 dögum fyrir aðalfund. Engar tillögur bárust frá félögum og stjórn var heldur ekki með tillögum að breytingum á samþykktum FÁSES.

5. Kosning til stjórnar og skoðunarfulltrúa.

Fundarstjóri greindi frá því að á þessum fundi yrði kjörið í eftirfarandi embætti:

- Gjaldkeri - kjör til tveggja ára.
- Alþjóðafulltrúi - kjör til tveggja ára.
- Viðburða- og kynningarstjóri - kjör til tveggja ára.
- Formaður - kjör til eins árs.
- Ritari - kjör til eins árs.
- 1. varafulltrúi – kjör til eins árs.
- 2. varafulltrúi – kjör til eins árs.
- Tveir skoðunarfulltrúar reikninga - kjör til eins árs.

Á aðalfundi 2021 barst ekki framboð í embætti formanns. Við það virkjaði stjórn FÁSES 6. gr. samþykka FÁSES þar sem fram kemur að stjórn sé heimilt að skipa í stöður og/eða gera breytingar á stjórn eftir þörfum berist ekki framboð í öll embætti til stjórnar.

Ákvörðun stjórnar var eftirfarandi:

- Hildur Tryggvadóttir Flóvenz, kjörinn alþjóðafulltrúi til tveggja ára á aðalfundi 2020, tók við embætti formanns til eins árs.
- Heiður Dögg Sigmarsdóttir, kjörinn varafulltrúi til eins árs á aðalfundi 2021, tók við embætti alþjóðafulltrúa til eins árs.
- Laufey Helga Guðmundsdóttur var skipuð sem varafulltrúi til eins árs.

Þar sem kjörtímabili Hildar er lokið á þessum aðalfundi en ár er eftir af kjörtímabili formanns (sem átti að kjósa 2021) er nú kosið um formann til eins árs. Á aðalfundi 2021 var Andrés Jakob Guðjónsson kosin sem ritari til tveggja ára. Andrés baðst lausnar frá störfum nú síðsumars og því er kosið um embætti ritara til eins árs.

Annað var hefðbundin kosning til stjórnar. Ísak Pálmason var kjörinn gjaldkeri til tveggja ára á aðalfundi 2020 og var því kosið um gjaldkera til tveggja ára. Þórána Hrónn Þórsdóttir var kjörinn kynningar- og viðburðastjóri til tveggja ára á aðalfundi 2020 og var því kosið um þá stöðu til tveggja ára í ár. Þar sem Hildur hafði setið eitt ár sem alþjóðafulltrúi og Heiður sem eitt þá er kosið um þá stöðu til tveggja ára nú.

Þá fer fundarstjóri yfir þau framboð sem hafa borist í stjórn:

Formaður: Ísak Pálmason.

Engin fleiri framboð bárust á fundinum og var Ísak Pálmason því réttkjörinn formaður FÁSES.

Ritari: Laufey Helga Guðmundsdóttir.

Engin fleiri framboð bárust á fundinum og var Laufey Helga Guðmundsdóttir því réttkjörin ritari FÁSES.

Gjaldkeri: Halla Ingvarsdóttir.

Engin fleiri framboð bárust á fundinum og var Halla Ingvarsdóttir því réttkjörin gjaldkeri FÁSES.

Alþjóðafulltrúi: Heiður Dögg Sigmarsdóttir

Engin fleiri framboð bárust á fundinum og var Heiður Dögg Sigmarsdóttir því réttkjörin alþjóðafulltrúi FÁSES.

Kynningar- og viðburðastjóri: Ásgeir Helgi Magnússon.

Fundarstjóri bauð Ásgeiri að kynna sig fyrir fundagestum. Hann starfar í sviðslistageiranum hjá Íslenska dansflokknum og er mikill Eurovision aðdáandi. Ásgeir var í stjórn Hinsegin daga í þrjú ár og hefur töluverða reynslu af viðburðastjórnun.

Engin fleiri framboð bárust á fundinum og var Ásgeir Helgi Magnússon því réttkjörinn kynningar- og viðburðastjóri.

Þá kallaði fundarstjóri eftir framboði í 1. og 2. varafulltrúa. Kristín H. Kristjánsdóttir, Kristján Jóhannes Pétursson, Ragna Gestsdóttir og Gísli Ólason Kærnested buðu sig fram. Fundarstjóri tilkynnti að félagar skyldu skrifa nöfn þeirra tveggja sem þau kysu á kjörseðilinn og sá sem hlyti flest atkvæði í kjörinu yrði 1. varafulltrúi og sá sem hlyti næstflest atkvæði í kjörinu yrði 2. varafulltrúi.

Fundarstjóri bauð því næst frambjóðendum að kynna sig fyrir fundagestum.

Ragna kynnti sig og sagðist vera frá Flatey á Skjálfanda en búa í Reykjavík. Hún starfar sem blaðamaður og er í stjórn slysavarnafélagsins Þorkötlú í Grindavík og varamaður í stjórn Blaðamannafélagsins.

Kristín kynnti sig. Hún er í ritstjórn FÁSES, hefur verið varamaður í stjórn síðasta starfsárið og hún tilheyrir Borgarnesútibúi FÁSES. Að sögn Kristínar er hrikalega gaman að vera í stjórn og ritstjórn FÁSES. Hún lætur þess getið að hún hafi staðið vaktina í blaðamannahöllinni í Tórínó fyrir hönd FÁSES.

Kristján kynnti sig. Hann er búin að vera í FÁSES síðan 2012 og tilheyrir einnig Borgarnesútibúi FÁSES. Hann starfar sem afgreiðslumaður í Geirabakarí og er að læra til að vera viðurkenndur bókarí.

Gísli kynnti sig. Hann er búin að vera í FÁSES frá stofnun félagsins. Hann hefur verið í varastjórn FÁSES og er tilbúinn að taka sæti þar að nýju. Hann hefur einnig verið í ritstjórn, í verkefnanefnd og árshátíðarnefnd FÁSES.

Sunna Mímisdóttir, Flosi Jón Ófeigsson og Guðný Matthíasdóttir voru kosin í talningarnefnd. Hlé var gert á fundi kl. 19:58 og var tíminn nýttur til að greiða atkvæði og telja þau.

Fundarstjóri hefur fund að nýju kl. 20:10 og tilkynnir að atkvæði hafi verið talin. Talin voru 29 atkvæði og voru 29 félagar á fundinum (einn félagi mætti á fundinn eftir stjórnarkjör). Fundarstjóri lýsir því að verulega mjótt hafi verið á munum. Kristín H. Kristjánsdóttir var réttkjörinn 1. varafulltrúi og Gísli Ólason Kærnested var réttkjörinn 2. varafulltrúi. Fundarstjóri þakkar öllum sem buðu sig fram.

Þá er komið að kjöri skoðunarfulltrúa FÁSES og voru Eva Dögg Benediktsdóttir og Kristján Jóhannes Pétursson kjörnir skoðunarfulltrúar.

Fundarstjóri þakkaði þeim sem gengu úr stjórn fyrir vel unnin störf.

6. Aðildarumsókn skv. 3. málsl. 1. mgr. 3. gr. samþykkt FÁSES.

Fundarstjóri kynnti aðildarumsókn frá einstaklingi sem ekki hefur íslenska kennitölu og rifjar upp að breytingar voru gerðar á samþykktum FÁSES til að sporna við Eurovision miðatúrisma. Nú þurfa einstaklingar að hafa íslenska kennitölu til að fá inngöngu í FÁSES. Þeir sem ekki hafa íslenska kennitölu þurfa að bera upp aðildarumsókn sína á aðalfundi.

Á aðalfundi FÁSES 2019 voru samþykkt viðmið um yfirferð umsókna frá þeim sem hafa ekki íslenska kennitölu um aðild að FÁSES. Við ákvörðun um inngöngu ætti aðalfundur að líta til eftirfarandi atriða:

- Af hverju viðkomandi óskar ekki eftir, eða getur ekki, verið meðlimur í OGAE klúbbi í landi þar sem hann býr eða OGAE Rest of the World.
- Hver tengsl viðkomandi eru við Eurovision á Íslandi, Söngvakeppnina og FÁSES.
- Hvort viðkomandi hafi sótt eða muni í framtíðinni sækja viðburði á vegum FÁSES og/eða Söngvakeppnina.

Fundarstjóri sagði að ein umsókn hafi borist frá Martin Marquez og var kynningarbréf hans lesið upp. Martin er mikill Eurovision aðdáandi og meðlimur í OGAE Andorra. Hann er að flytja til landsins og vill ganga í FÁSES en maður hans er meðlimur í FÁSES, Karl Kristinsson.

Aðildarumsóknin var því næst lögð fyrir fundinn. Enginn var mótfallinn umsókninni og sátu tveir hjá. Aðrir félagar samþykktu aðildarumsóknin og verður Martin Marquez því boðinn aðild að FÁSES.

7. Önnur mál.

Halla Ingvarsdóttir bað fyrir kveðju frá Heiðrúnu Jóhannsdóttur og Önnu Guðrúnu Aradóttur FÁSES-liðum á Akureyri. Anna Sigríður Hafliðadóttir bað fyrir kveðju frá föður sínum, Hafliða Loftssyni.

Kristján Jóhannes Pétursson óskaði nýrri stjórn velfarnaðar. Hann hvatti stjórn til góðra verka þegar kæmi að árshátíð og sagði að árshátíðin 2019 hafi heppnast mjög vel. Hann lagði einnig til að það yrði kjörin árshátíðarnefnd FÁSES því með samhentum átaki gerðust hlutirnir. Hvað viðkæmi Júrókrúsi og Söngvakeppninni lagði Kristján áherslu á samstarf við Pink Iceland. Kristján vissi ekki hvort stjórn hafi þakkað Guðnýju Matthíasdóttur og Róberti Hellbergssyni fyrir samáhorfsviðburðina á Kex hostel og sagði að stjórn hefði mátt hugsa til þeirra sem voru heima á Íslandi að fylgjast með Eurovision. Þessi viðburðir sem Guðný og Róbert skipulögðu hafi heppnast mjög vel og hefðu 30 gestir mætt á fimmtudeginum og um það bil 100 manns á úrslitin á laugardeginum. Kristján sagði að nú væru bjartari tímar eftir COVID og mál að stjórn héldi viðburði.

Anna Sigríður Hafliðadóttir tók undir með Kristjáni að árshátíðin 2019 hefði verið frábær. Hún hvatti stjórn til að senda póst á félagana til að virkja fólk og biðja um aðstoð, t.d. væri örugglega alltaf einhver sem vissi um hentuga veislusali.

Eyrún Ellý Valsdóttir, fyrrv. formaður FÁSES, óskaði nýrri stjórn til hamingju. Hún sagðist vera mjög stolt af Ísaki að bjóða sig fram og að hann yrði fjórði formaður FÁSES.

Flosi Jón Ófeigsson kvaddi sér hljóðs og tók fram að stjórnarseta væri sjálfboðastarf og það væri mikil vinna að skipuleggja viðburði. Félagar þyrftu að taka slagi með stjórninni og gera verkin saman og ekki síst mæta á viðburði.

Sunna Mímisdóttir benti á að hugmynd um árshátíð hafi á sínum tíma ekki komið frá stjórn heldur félögum og að það væri frábært að sjá ný nöfn og ný andlit í störfum fyrir FÁSES.

Heiður Dögg Sigmarsdóttir sagði að stjórn hefði mátt hugsa meira út í þá sem horfðu á Eurovision hérna heima 2022. Í maí hafi stjórn ekki áttað sig á því að félagar litu á þetta sem hefð að hittast og horfa saman á Eurovision. Heiður sagði að stjórn myndi hafa þetta í huga fyrir næsta ár.

Ásgeir Helgi Magnússon taldi að það væri ljóst að það væri stemning fyrir öðru Júrókrúsi. Hann spurði hver væri skoðun félaga á að selja inn á Júrókrúsið fyrir þá

sem væru ekki í FÁSES. Fundarstjóri svaraði að þeim sem voru ekki í FÁSES hafi gefist kostur á að ganga í félagið og kaupa miða á krúsið. Stjórn hafi ákveðið að niðurgreiða fyrirpartýið fyrir félaga því þetta hafi verið skipulagt á þeim tíma sem ekki mátti halda viðburði eftir kl. 23. Þetta var í fyrsta sinn sem viðburðurinn var haldinn, þetta var tilraunaverkefni og um það bil 90 miðar seldust.

Flosi Jón Ófeigsson sagði að þetta hljómaði mikil upphæð, 800 þúsund fyrir Júrókrús, en reynsla síðustu ára væri að fáir mættu á viðburði. Þess vegna styddi hann að haldnir yrðu stærri viðburðir en færri því það þýddi ekki að biðja um fleiri viðburði og síðan mættu bara 15 manns.

Anna Sigríður Hafliðadóttir benti á að það mætti huga að því að rúmbetra yrði um fólk á krúsinu því það hefði verið svolítið þröngt á aðalsvæðinu. Hún benti líka á að það mætti líka halda viðburði sem ekki kostuðu, t.d. hamingjustundir.

Kristján Jóhannes Pétursson benti á að það væri líka hægt að hækka félagsgjöld upp í 3.000 kr. til að eiga fyrir viðburðum.

Gísli Ólason Kærnested benti á að það væri velkomið að félagar héldu viðburði.

Guðmundur Már Ingimarsson sagði að hann hefði ekki farið í Júrókrúsið en vildi fara í eftirpartýið en það hafi ekki komið nógu skýrt fram í upplýsingapóstum að félagar væru velkomnir í eftirpartýið.

María Hlín Steingrímsdóttir benti á að Júrókrúsið hentaði ekki fyrir sjóveika. Fundarstjóri svaraði því til að það hefði verið varaplan ef það hefði verið vont í sjóinn þennan dag. Þá hefði fyrirpartýið verið haldið í bátnum en rútur hefðu ferjað mannskapinn á úrslit Söngvakeppninnar.

Laufey Helga Guðmundsdóttir spurði hvort einhver vissi hvort Söngvakeppnin yrði haldin aftur í Gufunesi en enginn vissi það.

Sólrún Ásta Steinsdóttir hvatti stjórn til að halda árshátíð, sú síðasta hafi verið skemmtileg. Félagar gætu borgað fyrir viðburði og það þyrfti ekki að eyða öllum peningunum í viðburði.

Sunna Mímisdóttir benti á að hún hafi fengið ábendingu um að árshátíðin 2019 hafi verið of ódýr.

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið. Hún þakkaði þeim sem væru að ganga úr stjórn FÁSES fyrir þeirra framlag, Þórönnu Hrönn Þórsdóttur og Andrésí Jakobi Guðjónssyni. Hildur þakkaði fyrir að fá að vera formaður og þakkaði stjórn fyrir samstarfið. Hún bauð nýkjörnum formanni að koma upp og slíta fundi.

Ísak þakkaði fráfarandi formanni fyrir vel unnin störf og félögum fyrir góðan aðalfund og sleit svo fundinum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 20:45.